

Ed.

1390. Nefndarálit

[457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta felur ekki í sér neina raunverulega skipulagsbreytingu aðra en þá að auka á yfirstjórn með kosningu sérstakrar stjórnar yfir Framkvæmdasjóð einan.

Hlutverk sjóðsins, eins og það hefur verið og eins og það verður eftir samþykkt þessa frumvarps og hugmynda um atvinnuvegasjóði, er hins vegar af því tagi að sjóðurinn getur sem best verið í umsjón fjármálaráðuneytisins án sérstakrar stjórnar eða skrifstofubákns, ellegar þá vistast í Seðlabanka, ef frekar þætti henta, svo framarlega sem menn treystast ekki til þess að leggja sjóðinn niður.

Samþykkt þessa frumvarps nú tefur vafalaust fyrir því að nauðsynleg skref verði stigin til einföldunar eins og að framan hefur verið lýst.

Undirritaður leggur því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. júní 1985.

Eiður Guðnason,
fundaskr.